

Ed.

699. Lög

um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

1. gr.

Nesverslunarstaður í Norðfirði skal tekinn í tölu kaupstaðanna og vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig. Nær umdæmið yfir allan hinn núverandi Neshrepp og heitir Neskaupstaður.

Umdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Suður-Múlasýslu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Neshreppi, sem ekki eru útkljáð þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skift milli sýslumannsins í Suður-Múlasýslu og bæjarfógetans í Neskaupstað.

3. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins er strandlengjan norðan fjarðarins, frá Bakkalæk að Naustalæk, 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls.

4. gr.

Í Neskaupstað skal skipaður bæjarfógeti með 1500 króna byrjunarlaunum, sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2500 kr., er greiðist úr rikissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á tekjum rikissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum.

Hann hefir og á hendi stjórn málefna kaupstaðarins og innheimtur og greiðslur bæjarsjóðs. Fær hann að launum fyrir þau störf 3000 krónur úr bæjarsjóði. Heimilt er þó bæjarstjórn að skipa sjerstakan gjaldkera, ef þörf krefur.

5. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum.

6. gr.

Bæjarfulltrúar eru átta. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tilögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarjett hafa eftir gildandi lögum.

7. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara fjórir frá eftir þrjú ár, eftir hlutkesti. Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið, skal þá kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

8. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er krafist.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

9. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórnin tekur, og forstaða bæjarmálefna er á hendi oddvita.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfjlagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, sem á því hvila, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins. Með samþykkt, er stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakörk og um bæjarfulltrúana.

10. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því aðeins, að hann sje bæjarfulltrúi.

11. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögreglupjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

12. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sinum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sinum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykta hafa í för með sjer; svo má og þar ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir

byggingarleyfi og störf einstakra manna skulu hafa lögtaksrjett og renna í bæjarsjóð.

13. gr.

Bæjarstjórn, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað tje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórn hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabryfum og öðrum eignum bæjarins.

14. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt.

Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

15. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smíðum, vegavinnu, útvegum á verknaði, varningi o. fl., skal ekkert gjald greiða í rikissjóð.

16. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta rikisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

17. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðuþje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af þess árs tekjum, sem í hönd fer, nje heldur að endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

18. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn kaupstaðarins eru tveir, og kys bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í 3 ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefir umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna —

en það skal hann hafa gert innan 15 daga — skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágríp af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágríp að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

19. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvila á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn krefur, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

20. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið í Neskaupstað. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

22. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 9. gr., má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúarmánaðar 1929. Gerir stjórnarráðið ráðstafanir til, að þau komist þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Sýslunefnd Suður-Múlasýslu annarsvegar og bæjarstjórn Neskaupstaðar hinsvegar gera með sjer samning um skifti á eignum og skuldum sýslu-sjóðs. Rísi nokkur ágreiningur um þau skifti, sker stjórnarráðið úr.

Ed.

700. Breytingartillögur

við frnmv. til fjárlaga fyrir árið 1929 og við brtt. á þskj. 695.

I. Frá Jóni Baldvínssyni.

Við 15. gr. 22. c. Nýr liður:

Til Guðmundar Kambans 2000

II. Frá Jóni Þorlákssyni.

Við brtt. XXVIII. a.

Fyrir orðin »fyrirhugaðri Þingvallabrauta« til loka máls-greinarinnar kemur: fyrirhuguðum sambandsvegi milli Þingvalla og Grímsnesbrautar, að vel verði fær bifreiðum fyrir hátíðahöldin 1930.

III. Frá dómsmálaráðherra.

Við 23. gr. IX. Nýr liður:

Að láta byggja íbúðarhús handa hinum nýja lækni á Kleppi fyrir alt að 30 þús. kr., ef óhjákvæmileg þörf spítalans krefur.

Ed.

701. Frumvarp

til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sjómenn og aðrir, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta eigi sótt kjörfund, enda neyti þeir eigi hins almenna rjettar til að greiða atkvæði á öðrum kjörstað samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörstaðar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið annast um útvegum kjörseðla ásamt fylgibrjefum og umslögum, er þar til heyra, á kostnað ríkissjóðs. Kjörgögn þessi skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibrjef og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflinum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skriftin verði ekki greind í gegnum hann. Stofn og fylgibrjef sama kjörblaðs skulu auðkend sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land alt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 25 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans limbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbrjefi; jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflinum, svo að auðvelt sje að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibrjefinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra.

Kjörblað skal vera svipað þessu:

Alþ. 1929. A. 701. Breytingartillögur

Nr.

(Nafn og furnafn kjsanda).

(Staða, heimili, hreppsnafn ea kaupstaar).

kaus

(Staður, dagsetning og ár).

hjá

(Staða).

Nr.

Jeg

(Nafn, furnafn og staa kjsanda).

(Heimili, hreppsnafn ea kaupstaar).

sem vegna fjarveru get ekki stt kjrþing á kjrsta minum, legg það undir drengskap minn og mannor, að jeg þvingunarlaust, aðstoarlaust, í einrmi og án þess að nokkur maur hafi sje hefi útfyllt vifestan kjrseil og limt hann aftur. Á sama hátt lýsi jeg þvi yfir, að jeg hefi engan annan kjrseil frá mjer sent og hefi ekki kosi ea mun kjsa annarsstaar.

(Staður, dagsetning og ár).

(Undirskrift kjsanda).

A

(Fult nafn kjsanda).

(Heimili kjsanda).

hafi undirskrifa fylgibrjef, sem er rjett dagsett, og að þar umgetinn kjrseill sje útfylltur aðstoarlaust og þvingunarlaust og í einrmi, vottar undirritaur.

Vitundarvottar:

(Embtisstaða vottorsgefanda og heimili).

(Nafn).

| | | |
|----------------------------|-------------------------|-----------|
| Limbort | Innanmlsbreidd 12 cm. | Limbort |
| Innanmlslng 9 cm. | | |
| | Limbort. | |

Umslögín skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír af þeirri stærð, að hæfileg sjeu utan um fylgibrjefið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefir verið lokað og fylgibrjefið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusettt sömu tölum og kjörblöðin og hverju 25 blaða hefti fylgja 25 umslög með sömu tölum.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo timanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörstaðar áður en framboðsfrestur er úti. Kjörstjórar utan kjörstaða samkvæmt lögum þessum eru: sýslumenn, bæjarfógetar, fulltrúar þeirra, hreppstjórar, svo og skipstjórar á íslenskum skipum, enda gefi þeir drengskaparyfirlýsingu, um leið og þeir taka við kjörgögnum, um, að kosning í skipi þeirra fari fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar. Dómsmálaráðuneytið sendir nægilegar birgðir kjörgagna til allra sýslumanna og bæjarfógeta og heldur bók yfir, hve mörg kjörblöð með umslögum hver þeirra fær og tölusetningu þeirra. Á sama hátt senda sýslumenn og bæjarfógetar nægilegar birgðir kjörgagna til annara kjörstjóra, hver í sínu umdæmi. Skulu þeir halda bók yfir kjörgögn þau, er þeir senda frá sjer, á sama hátt og dómsmálaráðuneytið.

Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notuð sjeu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta eða á heimili hreppstjóra eða um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefir fengið afhent kjörgögn samkvæmt framanrituðu, enda sje kjósandinn þá skrásettur á skipinu.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi með bleki á atkvæðaseðilinn fult nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Sje um hlutbundnar kosningar að ræða, þá skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar síns samkvæmt þessum lögum, eiga rjett á að greiða atkvæði strax og framboðsfrestur er liðinn, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðill gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörstaðar fá afhent tölusettt fylgibrjef með áföstum kjörseðli og síðan þvingunar- og aðstoðarlaust í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis, eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf með ákvæðum um röð, ef hlutbundin kosn-

ing er, ef hann vill — á kjörseðilinn, loka honum síðan, þannig, að það verði innan á, er hann hefir skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur. Kjörstjóri eða kjósandi útfyllir því næst vottorðið á fylgibrjefinu og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða auðkenna á nokkurn hátt, nje losa hann frá fylgibrjefinu. Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibrjefinu um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördeildar hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sje alt auðkent sömu tölu. Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibrjefið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til annars kjörstjóra utan kjörstaðar, þá skal atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, sem í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum skal kjósandi því næst láta í umslagið og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðisseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi. Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtst.

Kjósandinn annast sjálfur og kostar sendingu brjefsins. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma brjefinu á póst.

5. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar innfæra á sjerstaka skrá brjef þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert brjef, frá hvaða kjósanda það sje, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu brjef þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra ásamt einum manni úr kjörstjórn, og er frambjóðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að setja á hann innsigli sitt.

Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með brjefunum sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi kjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin henni í hendur áður en kjörfundur er settur.

Þau brjef, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu og tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

Kjósandi getur jafnan krafist þess af hverjum þeim, er varðveitir brjef

með atkvæði hans, sje það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sjer það, alt þar til atkvæðið hefir verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

6. gr.

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósendans á eftirritið af kjörskránni. Komi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslög undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

Komi það í ljós, að hlutaðeigandi standi ekki á kjörskrá, eða sje staddur á kjörstaðnum, eða sje búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sjer kosningarrjetti í því umdæmi, eða kjörstjórn hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórn fylgibrjefið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibrjef með áföstum kjörseðli, eða umslög og fylgibrjef eigi eru tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að eigi hafa verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða eigi hefir verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru með lögum þessum.

Þá kjörseðla, sem teknir eru gildir, rifur kjörstjórn frá fylgibrjefunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast eigi nje skaddist og leggur þá í atkvæðakassann.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt lögum þessum, eru ógild:

1. Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðaseðlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða — þá er um hlutbundna kosningu er að ræða — hvaða listi er kosinn.
2. Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðslu atkvæðaseðill sá, sem stjórnarráðið hefir gera látið, eða eitthvað liggur innan í honum, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á seðilinn eru sett strik eða merki, er ætla má, að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðaseðill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi, auk listabókstafsins, orðið »listi«, ef ekki verður álitid, að það sje gert til að gera seðilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi skal gæta þess, að til sjeu í skipinu fyrir hverjar kosningar nokkur hingaðir kjörseðla með tilheyrandi umslögum

og í hilylum skipshafnarinnar í skipinu skal vera uppfestur útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslur þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur dómsmálaráðuneytið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafn-skjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um að kjósa í skipi, eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að óhjákvæmileg störf á skipinu, sem enga bið þola, hindri. Brot gegn þessu varða allt að 1000 króna sektum, er renna í landssjóð.

9. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni, er þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatast, skal þess getið sjerstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal viðkomandi sýslumaður eða bæjarfógeti ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörstaða sjeu svo greinileg, að sjeð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hafi verið notað. Sýslumenn og bæjarfógetar senda síðan stjórnarráðinu afrit bókana, skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefir verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna og semur skýrslu um notkun kjörgagna og sendir Alþingi.

10. gr.

Fyrir afhendingu kjörseðla og vottorð þau, er um ræðir í lögum þessum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði kosningalaganna um kosningar, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt, þar á meðal hegningarákvæði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 50, frá 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Nd.

702. Nefndarátt

um frv. til laga nm einkasölu á áfengi.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Meiri hluti allsherjarnefndar hefir athugað frv., og enda þótt hann hafi sjeð nokkra smágalla á frv., sjerstaklega að því er formið snertir, þá hefir hann ekki viljað breyta frv., til þess að tefja ekki fyrir því, að það gangi fram á þessu þingi, og leggur því til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form. og frsm.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskr.
Magnús Guðmundsson.

Bernharð Stefánsson.

Ed.

703. Nefndarátt

nm frumv. til laga nm bann gegn dragnótaveiði i landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1928.

Erlingur Friðjónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr. og frsm.

Halldór Steinsson.

Ed.

704. Nefndarátt

nm frumvarp til fjárankalaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir rannsakað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Þó vill nefndin vekja athygli á þeirri villu í 3. lið 5. gr. frumv., að þar

stendur »Tröllatungu«, en á að vera Kollafjarðarnesi, eins og skýlaust kemur fram í athugasemddóttm.

Er þess vænst, að þetta megi leiðrjetta í prentun.

Alþingi, 3. apríl 1928.

Einar Árnason, Páll Hermannsson, Jóh. Jóhannesson.
form. fundaskr. og frsm.
Ingibjörg H. Bjarnason. Erlingur Friðjónsson.

Nd. 705. Lög

um stofnun sildarbræðslustöðva.

(Afgreidd frá Nd. 3. apríl).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja, eða láta starfrækja, sildarbræðslustöðvar á Norðurlandi og annarsstaðar, þar sem hentast þykir.

2. gr.

Nú verður sildarbræðslustöð gerð á kostnað ríkissjóðs, og er ríkisstjórninni þá heimilt að selja hana samlagi eða samvinnufjelagi sildveiðimanna, ef slíkur fjelagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin tekur gildar, enda hafi báðar deildir Alþingis lagt samþykki sitt á söluna.

3. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1 milljón króna, er greiðist af tekjum stofnananna á næstu 25 árum.

4. gr.

Rekstri stofnananna skal hagað eftir reglugerð, er stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Meðan byggingu sildarbræðslustöðva verður ekki við komið, heimilast stjórninni að taka sildarbræðslustöð á leigu og starfrækja á kostnað ríkissjóðs, ef kostur er á með viðunandi kjörum.

Ed.

706. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1929.

I. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jóni Baldvinssyni*.

Við 10. gr. I. 5. (Ríkisfjehirðisstörf):

a. Fyrir »26200« kemur 27200

b. Athugasemd við liðinn:

Par af persónuleg launaupphót til *Einars Markússonar* aðalhókara 1000 kr.

II. Frá *Birni Kristjánssyni*.

Við 15. gr. 22 e. Nýr staflíður:

Til *Sveinbjörns Björnssonar* skálds... .. 1000

III. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Jónasi Kristjánssyni*.

Við 23. gr. VIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast húsbýggingarlán, alt að 200000 kr., handa byggingarfelagi starfsmanna ríkisins í Reykjavík, þó ekki yfir 20000 kr. fyrir hverja íbúð, enda hafi ríkissjóður 1. veðrjett í húseignunum, auk frekari trygginga, ef stjórnin telur nauðsynlegar.

Ed.

707. Lög

um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

1. gr.

Af fje Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja alt að 10000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strandarlandi, en síðan má verja alt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

2. gr.

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

3. gr.

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir umsjón með stjórn kirkjufánna og setur reglur um framkvæmd hennar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1928.

Nd.

708. Frumvarp

til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ef myndað verður hjer á landi fjelag í þeim tilgangi að veita lán gegn veði í fasteignum, á svipuðum grundvelli og fasteignalánsfjelög (Kreditforeningar) erlendis, er fjármálaráðherra heimilt að veita fjelagi þessu þau hlunnindi, sem í 2.—3. gr. getur.

2. gr.

Fjelagið er undanþegið öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum og vaxtabrjef þess skulu ávalt njóta sama skattfrelsis og skulda-brjef ríkisins. Svo á það og rjett til að fá ókeypiss eignar- og veðbókarvottorð til afnota fyrir sjálf sig.

3. gr.

Um sölu á fasteignum hefir fjelagið sömu rjettindi og veðdeild Landsbankans.

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed.

709. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grendin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hjer segir:

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.
- b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.
- c. Að norðan: frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hliðargjá.

d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrífist, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenaði hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþynging fjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða í rikiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp í kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar eru samkvæmt heim. varða sektum. alt að 1000 kr.. eða einföldu fangelsi. alt að 3

mánuðum, ef miklar sakir eru, nema brot sje svo vaxið, að þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd.

710. Frumvarp

til laga um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysaftrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysaftryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgissvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skal gera starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, er bindandi sje af hálfu ráðuneytisins til 6 ára í senn, en til eins árs af hálfu þessara yfirmanna. Hvor samningsaðilja getur þó að öðru leyti sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara, og dómsmálaráðherra getur vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga, er vjelameistari og skipstjóri gera, gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málsaðilja.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til, en greiða skal þeim umsamið kaup, eins og um uppsögn væri að ræða.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugerð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33 1915.

7. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna stýrimannaefnum, er vinna á varðskipunum, sjómensku bæði fræðilega og verklega, eftir því sem nánar kann að verða tiltekið í reglugerð.

8. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 5800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 krónur, upp í 7000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 300 kr., upp í 4500 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3200 krónur á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi, sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 3800 kr. á ári.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. 711. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 695 [Fjárlög].

Frá Erlingi Friðjónssyni.

Við XI. (Kristján Kristjánsson).

Fyrir »3000« kemur 2000

Nd. 712. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árið 1929.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1929 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

| | kr. | kr. |
|-------------------------------------|---------|---------|
| 1. Fasteignaskattur... .. | 240000 | |
| 2. Tekjuskattur og eignarskattur .. | 1050000 | |
| 3. Lestagjald af skipum... .. | 40000 | |
| | | 1330000 |
| 4. Aukatekjur | 400000 | |
| 5. Erfðafjárskattur | 35000 | |
| 6. Vitagjald. | 320000 | |
| 7. Leyfisbrjefgjöld... .. | 10000 | |
| 8. Stimpilgjald... .. | 300000 | |
| 9. Skólagjöld | 15000 | |
| 10. Bifreiðaskattur | 30000 | |
| | | 1110000 |
| Flyt | | 2440000 |

| | kr. | kr. |
|---------------------------------------------------------------------------------------------|---------|----------|
| Flutt ... | | 2440000 |
| 11. Útflutningsgjald | | 950000 |
| 12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)... .. | 325000 | |
| 13. Tóbakstollur | 850000 | |
| 14. Kaffi- og sykurtollur... .. | 850000 | |
| 15. Annað aðflutningsgjald | 160000 | |
| 16. Vörutollur | 1250000 | |
| 17. Verðtollur | 1325000 | |
| | | 4760000 |
| 18. Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsýkurgerð ... | | 25000 |
| 19. Pósttekjur | 450000 | |
| 20. Símatekjur | 1500000 | |
| | | 1950000 |
| 21. Vínveikasala | | 375000 |
| Samtals ... | | 10500000 |

3. gr.

Tekjur af fasteignum rikissjóðs eru taldar:

| | kr. | kr. |
|----------------------------------------------------|-----|-------|
| 1. Eftirgjald eftir jarðeignir rikissjóðs.. | | 30000 |
| 2. Tekjur af kirkjum | | 100 |
| 3. Tekjur af silfurbergi | | 1000 |
| 4. Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar. | | 3500 |
| Samtals ... | | 34600 |

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

| | kr. | kr. |
|------------------------------------------------------------------------------------|--------|--------|
| 1. Tekjur af bönkum | | 50000 |
| 2. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 | 27000 | |
| 3. Væntanlega útdregið af þeim brjefum | 24000 | |
| | | 51000 |
| 4. Vextir af inustæðum í bönkum | | 8000 |
| 5. Vextir af viðlagasjóði | | 60000 |
| 6. Aðrir vextir... .. | | 100000 |
| Samtals ... | | 269000 |

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

| | kr. | kr. |
|----------------------------------------------------|--------|-------|
| 1. Óvissar tekjur | | 50000 |
| 2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur | | 10000 |
| 3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna | | 20000 |
